

Skapandi lokaverkefni 2016



Höfundar:

Bryndís María Olsen
Jóhanna Ómarsdóttir
Karen Óskarsdóttir
María Rós Valgeirsdóttir
Steinunn Elísabet Benedikstdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Endurvinnsluhljómsveitin – yngsta stig

Viðfangsefni / Námsgreinar	Námsgögn	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat	Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni
<p>Meginviðfangsefnið er að búa til hljóðfæri með því að endurnýta hluti og skapa tónverk. Jafnframt er lögð áhersla á skoðun á umhverfinu, efla umhverfisvitund og vald á hugtökum og vinnubrögðum.</p> <p>Samþættar námsgreinar eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Náttúrufræði ○ Umhverfismennt ○ Myndmennt ○ Tónlist 	<ul style="list-style-type: none"> ○ Glerkrukkur, plast- og áldollur, timbur, efniviður sem nemendur finna í fjöru, lím, skæri, sleglar o.fl. 	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. ○ hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum. ○ þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni. ○ útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið. ○ tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk. ○ gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýta ýmsa hluti. ○ tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu og sýnt félögum og náttúru alúð. <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 101-228)</p>	<ul style="list-style-type: none"> ○ Hljóðfæri <p>Námsmat er:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Kennaramat þr sem metið er virkni og vinna nemenda 50% ○ Sjálfsmat 50% (sjá fylgiskjal 1) 	<p>Grunnþættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Læsi ○ Sjálfbærni ○ Sköpun <p>Lykilhæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Tjáning og miðlun ○ Gagnrýnin hugsun ○ Sjálfstæði og samvinna ○ Ábyrgð og mat á eigin námi ○ Nýting miðla og upplýsinga ○ Skapandi og gagnrýnin hugsun <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-95)</p>

Nánari útlitun á kennsluáætluninni „Endurvinnsluhljómsveitin“.

Þetta samþætta verkefni hentar vel til samstarfs umsjónarkennara, tónmenntakennara, myndmenntakennara og náttúrufræðikennara.

Markmið endurvinnsluhljómsveitin er skapandi verkefni sem miðar að því að fá nemendur til að hugsa um endurnýtingu hluta. Nemendur eru hvattir til að safna saman plastdöllum, til dæmis utan af skyri eða jógúrt, tómum krukum, timbri og dóti sem hægt væri að nota til að búa til hljóðfæri. Nemendur fá stutta kennslu um hugtakið sjálfbærni og læra einnig auðvelda rytma á hljóðfæri. Í lokin fá svo nemendur tækifæri til að sýna og spila á hljóðfærin sín, jafnvel fyrir áhorfendur og kynna ferlið frá byrjun til enda. Áherslurnar eru að nemendur geri sér grein fyrir sjálfbærni og hversu auðvelt það er að endurvinna hluti, breyta þeim og þróa eftir áhuga. Kveikjan að verkefninu er fjöruferð, þar sem safnað er saman dóti úr fjörunni sem gæti nýst til hljóðfæragerðar. Sköpunarþáttur verkefnisins er að nemendur hafa val um það hvernig hljóðfæri þeirra líta út og úr hverju þau eru búin til. Þeir læra síðan að spila á hljóðfærin og fá lausan tauminn í útsetningu lags.

Innlögn fer fram í fjöruferð þar sem nemendur fá fræðslu og safna gögnum. Kennsluáðferðirnar eru umræðu- og spurnaraðferðir með hugstormun þar sem nemendur eru vaktir til umhugsunar um sjálfbærni og sköpun. Einnig er notuð útlitunarkennsla eða örfyrirlestur með sjálfbærni og endurvinnslu í huga. Unnið er með sýnikennslu/hermikennslu í tónlistarhluta verkefnisins þar sem kennari sýnir og nemendur herma eftir.

Skipulag og tímarammi verkefnisins er áætlaðar fjórum sinnum tvær kennslustundir.

1. kennslustund - Að sækja hráefnið

Fjöruferð, nemendur safna saman hlutum úr fjörunni sem gætu nýst til hljóðfæragerðar. Nemendur mega safna öllu sem þeim sýnist og ákveða svo seinna hvort þeir geti nýtt sér hlutinn eða ekki.

2. kennslustund – Að vinna með hráefnið

Fyrir þennan tíma hafa nemendur, með aðstoð foreldra, verið beðnir um að safna saman tómunum plast- eða áldöllum, glerkrukum og fleiru og koma með í skólann.

Í þessum tíma er tilvalið að fara yfir hvað fannst í fjörunni, flokka hvað er dautt og hvað er lifandi, hvað er rusl og hvað eru náttúrulegir hlutir. Tilvalið er að hefja umræðu um mengun og fá nemendur til að velta fyrir sér hvaða hljóðfæri væri hægt að búa til úr því sem safnast hefur saman og flokka síðan þá hluti sem þau ætla ekki að nýta sér við hljóðfæragerðina. Nemendurnir mega prófa sig áfram og skoða möguleikana sem eru í boði. Vinna við hljóðfæragerð byrjar.

3.-4. kennslustund - Hljóðfæragerð

Nemendur vinna að hljóðfærunum sínum, dæmi um hljóðfæri eru hristur, trommur, einhverskonar ásláttarhljóðfæri og í rauninni allt sem gefur frá sér einhver hljóð. Steinum úr fjörunni má hella í glerkrukkur, Plastdollur má líma saman svo þær myndi ásláttarhljóðfæri, á áldollurnar má einfaldlega berja á með sleglum.

5. kennslustund - Lag æft á hljóðfæri

Nemendur æfa sig að spila á hljóðfærin við lag sem kennari velur. Lagið getur í rauninni verið hvaða lag sem er. Dæmi um lag eru Krummavísur eða Óskasteinar. Í lok tímans geta nemendur flutt verkin sín fyrir samnemendur. Útsetning á laginu er svolítið í höndum kennara og nemenda. Getur verið hjálplegt að nýta sér Sambamatseðilinn, <https://skrif.hi.is/tonmennt/rytmi/sambamatsedill/>.

Heimildir:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla*: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Reykjavík: Höfundur.

Fylgiskjal 1 – Dæmi um sjálfsmat:

	Alltaf	Ofast	Stundum	Sjaldan	Aldrei
Hópurinn vann vel saman					
Ég tók virkan þátt í verkefninu					
Ég hlustaði á það sem aðrir lögðu til málanna					
Ég sýndi verkefninu áhuga					
Hópurinn hlustaði á það sem ég hafði að segja					